

# Umsögn

Þingsályktunartillaga  
um betrun fanga,  
24. mál,  
150. löggjafarþing 2019–2020.

Desember 2019

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, fagnar því að stjórnmalaflokkur á Alþingi sýni betrun fanga áhuga og styður af fullum mætti tillögu þessa. Að mati félagsins er nauðsynlegt að taka upp betrunarstefnu sem fyrst og senda refsistefnuna til fortíðar, þar sem hún á heima. Ágóði stefnubreytingarinnar yrði gríðarlegur hjá lögreglu, dómstólum, fangelsunum, heilbrigðiskerfinu og almannatryggingakerfinu. Glæpum mun fækka, brotþolum og endurkomum í fangelsin. Þrátt fyrir að það verði ekki alfarið komið í veg fyrir glæpi með betrunarstefnunni er hægt að koma í veg fyrir að sömu einstaklingar brjóti af sér í annað og þriðja skipti.

**Einstaklingsbundin meðferðar- og vistunaráætlun** er sérstaklega nefnd í þingsályktunartillögunni en hún er að mati Afstöðu eitt mikilvægasta skrefið sem tekið verður í átt að uppbyggilegri afplánun fanga. Aftur á móti þarf margt annað að koma til, svo sem breytt deildaskipting á Litla-Hrauni, stóraukið meðferðarstarf ásamt fleiri aðgerðum. Í raun er tímabært að stofnaður verði starfshópur með eiginleg og alvöru markmið. Starfshópurinn ætti að fá það verkefni að leggjast í heildarendurskoðun á fangelsiskerfinu í stað þess að reyna plástra vandamálín tímabundið. Starfshópurinn mætti þá jafnvel leita aðstoðar til nágrannaríkja en afskaplega vel hefur gengið í fangelsismálum í Noregi og Danmörku. Að mati Afstöðu ættu fulltrúar Fangelsismálastofnunar, Sambands sveitarfélaga, Vinnumálastofnunar, Virk, Afstöðu, Rauða krossins og þeirra þriggja ráðuneyta sem eiga að fara með fangelsismál, þ.e. velferðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis að eiga sæti í starfshópnum.

### **Fangar fá ekki fund með fagfólki**

Eins og segir í greinargerð með þingsályktunartillögunni var með lögum nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, skylda til að veita meðferðar- og vistunaráætlun afnumin nema í þeim tilvikum þar sem Fangelsismálastofnun telur það nauðsynlegt. Var sú breyting gerð sökum þess að fjármagn fékkst ekki til að sinna verkefninu samkvæmt lagaskyldu.

Að mati Afstöðu var þetta skelfileg breyting og er nauðsynlegt að fagfólk leggi mat á hvern þann einstakling sem afplána þarf refsidóm. Fangelsismálastofnun vísar til þess í umsögn sinni að óþarfi sé að eyða tíma sérfræðinga stofnunarinnar í slíkt mat sökum þess hversu margir fangar fari í gegnum afplánun án vandkvæða. Afstaða telur þessa nálgun alranga og

ættu sérfræðingar stofnunarinnar ekki að þurfa „eyða“ miklum tíma í mat þeirra einstaklinga sem kunna að geta farið í gegnum afplánun án vandkvæða. Hitt er annað mál að með lögfestingu þess að framkvæma umrætt mat er hægt að greina vanda allra þeirra sem hefja afplánun, samfélaginu til heilla. Í þessu ljósi má benda á umsögn Rauða krossins um þetta mál en þar segir að „fjölmargir fangar eru ýmist ógreindir eða vangreindir þegar þeir snúa til baka út í samfélagið.“

Þá má nefna að Fangelsismálastofnun bendir á í umsögn sinni að sú hættu verði fyrir hendi að önnur og brýn verkefni verði að víkja ef sú skylda verði lögfest að gera meðferðar- og vistunaráætlun fyrir hvern og einn fanga. Afstaða telur af því tilefni greinilegt að tímabært sé að skoða að færa fangelsismál þvert á ráðuneyti, enda er þar ekki eingöngu um að ræða málefni á forræði dómsmálaráðuneytis. Að mati Afstöðu er því rétt hjá flutningsmönnum að beina þingsályktunartillögu þessari að þremur ráðuneytum og vonast félagið til þess að það verði upphafið að því að fangelsismálum verði dreift á ráðuneytin þrjú.

Langflestir fangar fara í gegnum sína afplánun án þess að hitta sálfræðing eða félagsráðgjafa og staðbundinn sálfræðingur á Litla-Hrauni vinnur ekki sem slíkur heldur meðferðarfulltrúi fyrir fámennan hóp fanga. Að mati Afstöðu verða sálfræðingar að gæta hlutleysis og halda trúnað, en á meðan þeir eru á launaskrá Fangelsismálastofnunar þá treysta fangar sér ekki til þess að opna sig um sín vandamál af ótta við að orðin verði notuð gegn þeim síðar.

Afstaða telur að greina þurfi alla fanga við upphaf afplánunar og tryggja að þeir fái þau lyf sem þeim hefur verið ávísað af læknum, en til þess þarf að gera breytingar á hinum svonefnda bannlista Landlæknis. Þá er löngu orðið tímabært að huga að skaðaminnkandi úrræðum í fangelsum landsins enda stríðið við fíkniefnin tapað.

### **Hvatakerfið nauðsynlegt**

Afstaða hefur um árábil talað fyrir því að tekið verði upp hvatakerfi í fangelsismálakerfinu en það mun óneitanlega verða til þess að draga úr neyslu fíkniefna og annarri óæskilegri hegðun. Fangar eiga að bera ábyrgð á afplánun sinni og þá þurfa þeir að finna áþreifanlega fyrir því þegar þeir breyta rétt – eða eftir atvikum rangt – og ætti hegðun þeirra að hafa bein áhrif á leyfilegan búnað, önnur fríðindi, heimsóknir og leyfi. Burtséð frá því hvort fangar taki þátt í hvatakerfinu þá verður að tryggja að öllum föngum sé tryggð viðunandi geðheilbrigðisþjónusta. Þá er nauðsynlegt að fangelsisyrðing stigi skrefið inn í nútímann og heimili föngum notkun internetsins í auknum mæli enda fara nær öll samskipti fram þar í dag, hvort sem er við fjölskyldu og vini eða stofnanir ríkis og sveitarfélaga.

Af mörgu er að taka í þessum málaflokki og ósagt er enn heilmargt um atvinnumál og menntunarmál í fangelsunum auk þess sem fjölmargt þarf að gera fyrir fanga þegar þeir ljúka afplánun, til dæmis í tengslum við húsnæðismál og fjárhagsmál en þau eru nánast alltaf í ólestri við lok afplánunar dóms. Í því sambandi má nefna að sýslumannsembættin halda föngum oft en ekki í skuldafangelsi í allt að 12 ár eftir afplánun, sem segir sig sjálf að er ekki hvetjandi til þess að viðkomandi komist aftur á réttan kjöl, eða til þess gert að fyrrverandi fangar geti haslað sér völl á almenna leigumarkaðnum eða húsnæðiskerfinu yfirleitt.

**Fulltrúar Afstöðu eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma fyrir allsherjar- og menntamálanefnd til að fara betur yfir málið og svara þeim spurningum sem nefndarmenn kunna að hafa. Þá hefur Afstaða mikinn áhuga á að taka þátt í þeim starfshópi sem lagt er til að verði stofnaður enda mikil reynsla og þekking innan félagsins.**

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Afstöðu,

---

Guðmundur Ingi Þóroddsson  
formaður Afstöðu